

2. gr.

Greiðslur sveitarfélaga samkvæmt 1. gr. skulu ákveðnar á eftirfarandi hátt:

- a) Sveitarfélög með 300 íbúa eða fleiri greiði 2 370 kr. á hvern íbúa.
- b) Sveitarfélög með 299 íbúa eða færri greiði 1 420 kr. á hvern íbúa.

Við útreikning á greiðslu sveitarfélags á kostnaði við löggæslu á árinu 1992 skal miða við íbúafjölda í viðkomandi sveitarfélagi eins og hann er samkvæmt þjóðskrá 1. desember 1991.

3. gr.

Greiðslur sveitarfélaga samkvæmt þessari reglugerð skulu greiddar með sex jöfnum mánaðarlegum greiðslum á gjalddögum 20. júlí 1992, 20. ágúst 1992, 20. september 1992, 20. október 1992, 20. nóvember 1992 og 20. desember 1992.

Sé greiðsla samkvæmt þessari reglugerð ekki greidd á gjalddaga skal greiða ríkissjóði dráttarvexti af því sem er gjaldfallið. Dráttarvextir skulu ákveðnir samkvæmt ákvæðum vaxtalaga nr. 25/1987.

4. gr.

Ríkisbókhald sér um útreikning á greiðslum sveitarfélaga samkvæmt þessari reglugerð.

Ríkisbókhald skal senda mánaðarlega greiðsluáskorun til sveitarfélaganna þar sem fram kemur fjárhæð greiðslu og upplýsingar um greiðslustað.

Áður en innheimta á greiðslum sveitarfélaga hefst skal ríkisbókhald senda Sambandi íslenskra sveitarfélaga og hverju sveitarfélagi fyrir sig upplýsingar um útreikning á greiðslum þeirra og forsendur fyrir útreikningum.

5. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í 3. mgr. 59. gr. laga nr. 1/1992, um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1992, öðlast þegar gildi.

Forsætisráðuneytið, 1. júní 1992.

Davíð Oddsson.

Ólafur Davíðsson.

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglum um radióbúnað og fjarskipti á skipum
nr. 813/1981 með síðari breytingum.**

1. gr.

I. kafli 12. gr. orðist svo:

Radíóbaujur fyrir gúmmíbjörgunarbáta og frífljótandi baujur.

- 12.1 Gúmmíbjörgunarbátar skipa, sem skylt er að hafa slíka báta, skulu búnir bauju, sem sendir frá sér neyðarmerki á tíðnunum 121,5 MHz og 243 MHz. Þó þurfa baujurnar ekki að vera fleiri en 5 um borð í sama skipi, en þar sem fjöldi gúmmíbjörgunarbáta fer fram úr 5, skulu umbúðir þeirra, sem búnir eru baujum, vera greinilega merktar. Baujunum skal pakkað í bátana um leið og þeir eru afhentir til notkunar og skulu þá settar í þær nýjar rafhlöður.
- 12.2 Heimilt er að veita undanþágu frá því að neyðarbauja sendi einnig á tíðninni 243 MHz, þ.e. að hún sendi eingöngu á 121,5 MHz.

- 12.3 Skip 24 m og lengri, sem búin eru radióbaujum fyrir gúmmíbjörgunarbáta skv. gr. 12.2 skulu jafnframt búin viðurkenndri frífljótandi bauju með neyðarsendi, sem sendir á tíðnunum 406,025/121,5 MHz.
- 12.4 Skip 45 m og lengri skulu við fyrstu skoðun eftir 1. janúar 1994 búin viðurkenndri frífljótandi bauju með neyðarsendi, sem sendir á tíðnunum 406,025/121,5 MHz.
- 12.5 Um staðsetningu frífljótandi bauja með neyðarsendum samkvæmt 12.3 og 12.4:
- Neyðarbaujunni skal komið fyrir á stað þar sem auðvelt er að nálgast hana.
 - Baujan skal vera tilbúin til losunar með handafli og skal einn maður geta borið hana til björgunarbáts.
 - Baujan skal geta flotið frjáls, ef skipið sekkur og fara sjálfkrafa í gang þegar hún er komin á flot.
 - Unnt skal vera að setja neyðarsendinn í gang með handafli.
 - Leiðbeiningum um notkun neyðarbaujunnar skal komið fyrir á áberandi stað, á eða við baujuna.

2. gr.

**Radíóbaujur fyrir gúmmíbjörgunarbáta
121,5 MHz og 243 MHz.**

II. Kafli 8. gr. orðist svo:

- 8.1 Neyðarsendar á metrabylgju eru ætlaðir til sjálfvirkra útsendinga á radióbylgjum, svo hægt sé að miða út skip og báta í neyð. Sendarnir skulu fyrst og fremst gerðir til notkunar í gúmmíbjörgunarbátum.
- 8.2 Sendirinn skal vera vatns- og rakapéttur. Einnig skal hann vera höggheldur og ryðvarinn og vera í skærum litum helst rauðgulum.
- 8.3 Á sendinum skulu vera einfaldar notkunarreglur á íslensku, í vatnsheldum umbúðum.
- 8.4 Vinnutíðnir sendisins skulu vera 121,5 MHz og 243 MHz og senda á báðum tíðnum samtímis nema veitt hafi verið undanþága samkvæmt I. kafla gr. 12.2.
- 8.5 Sendirinn á að fá orku frá rafhlöðum. Skulu þær stimplaðar með framleiðsludagsetningu og leyfilegum geymslutíma. Skal geymslutími ekki vera minni en 5 ár miðað við aðstæður í gúmmíbjörgunarbátum hér við land.
- 8.6 Lágmarkssenditími sendisins skal eigi vera minni en 24 klst. við 0 °C lofthita. Senditími er skilgreindur sem sá órofinn tími, sem sendirinn getur sent a.m.k. 70 % af nafnafla sínu. Við mælingu á senditíma skal nota ónotaðar rafhlöður.
- 8.7 Sendirinn skal vera styrkmótaður minnst 85 prósent. Mótunartíðninni skal breytt niður á við um 700 Hz innan markanna 1600 Hz og 300 Hz tvisvar til þrisvar á sekúndu.
- 8.8. Sendirinn skal vera lyklaður á sjálfvirkan hátt, þannig að útsent merki sé annað hvort sent út stöðugt með fullum styrk eða með fullum styrk í um það bil 0.75 sekúndur og verulega minni styrk í um það bil 1.5 sekúndur þar á eftir.
- 8.9 Útgeislað toppafl samkvæmt skilgreiningu í ETSI staðli nr. 300 152, lið 4.6.1 á hvorri vinnutíðni fyrir sig skal vera minnst 100 milliwött mælt á þeim hluta lyklnartímabils, þegar sent er út með fullum styrk.
- 8.10 Einnig skal vera prófunarhappur eða annar hliðstæður búnaður á baujunni, sem gefur til kynna að hún geti sent og að rafhlöður séu í lagi. Við slíka prófun skal útgeislað toppafl á hvorri tíðni eigi vera hærra en 25 nW.

- 8.11 Loftnet skal vera lóðrétt pólað og óstefnuvirkt á láréttu plani.
- 8.12 Sendirinn skal vera viðurkenndur af fjarskiptaeftirliti Póst- og símamálastofnunar og siglingamálastjóra. Verði ágreiningur, sker samgönguráðuneytið úr honum. Þær neyðarbaujur, sem eru í gúmmíbjörgunarbatum og samþykktar hafa verið, mega vera í þeim meðan rafhlöðurnar endast, þó ekki lengur en 5 ár frá því þær voru afhentar til notkunar.
- 8.13 Neyðarbaujur á metrabylgju, sem koma til prófunar hjá fjarskiptaeftirlitinu skulu vera með sérstakri prófunartíðni, 122,55 og 245,1 MHz.

3. gr.

Reglur þessar sem settar eru samkvæmt lögum um eftirlit með skipum nr. 51/1987 staðfestast hér með til að öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni þeim sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið 27. maí 1992.

Halldór Blöndal.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu borgarráðs hafa verið settar reglur um takmarkanir akstri á vinnuvéla og dráttarvéla sem hér segir:

I. Takmörkun umferðar vinnu- og dráttarvéla.

1. Akstur og dráttur vinnuvéla og dráttarvéla verður bannaður allan sólarhringinn á eftirfarandi vegum:
 - a) Kringlumýrarbraut sunnan Listabrautar.
 - b) Vesturlandsvegi milli Reykjanesbrautar og Höfðabakka.
2. Akstur og dráttur vinnuvéla og dráttarvéla verður bannaður á virkum dögum kl. 7.30–9.00 og kl. 16.30–18.30 á eftirfarandi vegum:
 - c) Reykjanesbraut.
 - d) Vesturlandsvegi austan Höfðabakka.
 - e) Suðurlandsvegi milli Bæjarháls og Breiðholtsbrautar.
 - f) Bæjarhálsi.
 - g) Höfðabakka norðan Stekkjarbakka.
 - h) Miklubraut.
 - i) Kringlumýrarbraut norðan Listabrautar.
 - j) Sæbraut.
 - k) Hringbraut austan Suðurgötu.
 - l) Bústaðavegi.
 - m) Breiðholtsbraut.
 - n) Stekkjarbakka milli Reykjanesbrautar og Höfðabakka.
 - o) Gullinbrú (áður Sundabraut).